

TILSKIPUN EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS 2005/20/EB

frá 9. mars 2005

um breytingu á tilskipun 94/62/EB um umbúðir og umbúðaúrgang

EVROPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFA,

- 4) Með tilliti til frekari stækkunar Evrópusambandsins skal einnig athuga vandlega sérstakar aðstæður í löndum sem ráðgezt er að fá aðild síðar.

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 1. mgr. 95. gr.,

- 5) Því ber að breyta tilskipun 94/62/EB til samræmis við þetta.

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar,

með hliðsjón af álitum efnahags- og félagsmálanefndar Evrópubandalaganna ⁽¹⁾,

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 251. gr. sáttmálans ⁽²⁾,

1. gr.

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Eftirfarandi málsgrein bætist við 6. gr. tilskipunar 94/62/EB:

- 1) Í ljósi nýafstaðinnar stækkunar Evrópusambandsins þarf að athuga vandlega sérstakar aðstæður í nýju aðildarríkjunum, einkum með tilliti til þess hvort markmiðum um endurvinnslu og endurnýtingu, sem mælt er fyrir um í 1. mgr. 6. gr. tilskipunar 94/62/EB ⁽³⁾, hafi verið náð.

„11. Aðildarríki sem gerst hafa aðilar að Evrópusambandinu í krafti aðildarsáttmálans frá 16. apríl 2003 geta frestað því til dagsetningar að eigin vali, þó ekki síðar en til 31. desember 2012 fyrir Tékkland, Eistland, Kýpur, Litháen, Ungverjaland, Slóveníu og Slóvakíu, til 31. desember 2013 fyrir Möltu, til 31. desember 2014 fyrir Pólland og til 31. desember 2015 fyrir Lettland, að ná markmiðunum sem vísað er til í b-, d- og e-lið 1. mgr.“

- 2) Aðildarríki, sem hafa gerst aðilar að Evrópusambandinu í krafti aðildarsáttmálans frá 16. apríl 2003, þurfa viðbótartíma til að laga endurvinnslu- og endurnýtingarkerfi sín að markmiðum tilskipunar 94/62/EB.

2. gr.

- 3) Þar eð aðildarríkin geta ekki fyllilega náð markmiði þessarar tilskipunar, þ.e. samræmingu innlendra markmiða fyrir endurvinnslu og endurnýtingu umbúðaúrgangs, og vegna þess hve aðgerðin er umfangsmikil, verður því betur náð á vettvangi Bandalagsins og af þeim sökum er Bandalaginu heimilt að samþykkja ráðstafanir í samræmi við dreifræðisregluna eins og fram kemur í 5. gr. sáttmálans. Í samræmi við meðalhófsregluna, sem sett er fram í þeirri grein, er ekki gengið lengra en nauðsyn krefur í þessari tilskipun til að ná megi því markmiði.

1. Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 9. september 2006. Þau skulu þegar í stað senda framkvæmdastjórninni texta þessara ákvæða og samsvörunartöflu milli viðkomandi ákvæða og þessarar tilskipunar.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessi ákvæði skal vera í heim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þær eru birtar opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB C 241, 28.9.2004, bls. 20.

⁽²⁾ Álit Evrópuþingsins frá 17. nóvember 2004 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindum ESB), og ákvörðun ráðsins frá 21. febrúar 2005.

⁽³⁾ Stjtið. EB L 365, 31.12.1994, bls. 10. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun 2004/12/EB (Stjtið. ESB L 47, 18.2.2004, bls. 26).

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi tekur til.

3. gr.

Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

4. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Strassborg 9. mars 2005

Fyrir hönd Evrópuþingsins,

J. P. BORRELL FONTELLES

forseti.

Fyrir hönd ráðsins,

N. SCHMIT

forseti.
